

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Fimmtudagur 21. desember 2017 | 46. töl. 15. árg. | Upplag 10.500 eintök. | Dreift frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur



Iceland
STAÐARBERGI

*Starfsfólk Hraunhamars
óskar viðskiptavinum, samstarfsaðilum
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla
og farsældar á komandi ári.*

*Þökkum fyrir viðskiptin
á liðnum árum.*



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi
tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir
einkasamkvæmi stærri
og smærri hópa.


Happy Hour alla daga
frá kl. 16 til 19 og fleiri
flott tilboð á barnum.



ØLSTOFA

♦ HAFNARFJARÐAR ♦

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði
sími 578 0200



Strandgata 75 | 583 6000 | vonmathus.is | facebook.com/vonmathus

MATHÚS BAR
VON



Gleðileg jól!

Næsta blað kemur út fimmtudaginn 4. janúar
Lokaskilafrestur efnis og auglýsinga er þriðjudaginn 2. janúar

A
-stöðin

TAXI

Hafnfirska
leigubílastöðin

520 1212

**Súrdeigsbrauðin
okkar eru alvöru**

- ◆ Heilkorna
- ◆ 100% spelt
- ◆ Sykurlaus
- ◆ Gerlaus
- ◆ Olíulaus

Jón Arillus
KÖKULIST



Kökulist, verslunarmiðstöðinni Firði

*Við óskum
viðskiptavinum okkar
sem og landsmönnum
öllum gleðilegra jóla og
farsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin
á liðnum árum.*



AS
FASTEIGNASALA

Stofnuð 1988

Fjarðargötu 17 | sími 520 2600 | Ópið virka daga kl. 9-17 | www.as.is

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Álfaskeiði 115 | sími 555 7676

www.bodunarkirkjan.is

Prestur og forstöðumaður:
Steinþór Þórðarson sími 849 9584

Samkomur alla laugardaga kl. 11
Veitingar eftir samkomu



Á Útvarpi Boðun FM 105,5 er
Bíblíufræðsla allan sólarhringinn



Ástjarnarkirkja

Aðfangadagur, 24. desember

Fjölskylduhátíð kl. 11

Jólasaga. Barnakór kirkjunnar
flytur söngleikinn Óskir trjána.

Greta Salóme verður sögumaður auk þess sem
hún syngur og leikur eigin tónlist.

Hressing og samfélag á eftir.

Aftansöngur kl. 18

Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Keiths Reed.
Flutt verður hátíðartón sr. Bjarna Þorsteinssonar.

Prestur er sr. Kjartan Jónsson.



www.astjarnarkirkja.is



Aðfangadagur 24. desember:

Aftansöngur kl. 18

Kórinn syngur
undir stjórn Arnar Arnarsonar,
Erna Blöndal syngur einsöng.

Prestur Einar Eyjólfsson.

Jólasöngvar á jólanótt kl. 23.30

Sönghópur Fríkirkjunnar syngur.

Jóladagur 25. desember:

**Hátíðar- og fjölskyldu-
guðþjónusta kl. 13**

Lesin jólasaga og kórar kirkjunnar syngja.

Gamlársdagur 31. desember:

Aftansöngur á Hrafnistu kl. 16

Prestur er Sigríður Kristín Helgadóttir.

Aftansöngur í kirkjunni kl. 18

Kór kirkjunnar syngur
undir stjórn Arnar Arnarsonar.

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Víðistaðakirkja

Aðfangadagur, 24. desember

Aftansöngur kl. 17

Helga Þórdís Guðmundsdóttir organisti

Elmar Gilbertsson tenór

Hrafnhildur Marta Guðmundsdóttir fiðla

Guðbjartur Hákonarson selló

Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur

**Miðnæturguðspjónusta
kl. 23.30**

Guðbjörg Tryggvadóttir sópran
Antónía Hevesi orgel, píanó

Sr. Hulda Hrönn Helgadóttir héraðsprestur

Jóladagur, 25. desember

Hátíðarguðspjónusta kl. 14

Helga Þórdís Guðmundsdóttir organisti

Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur

Gamlársdagur 31. desember


Helgistund kl. 17

Kór Víðistaðasóknar

Helga Þórdís Guðmundsdóttir organisti

Sr. Bragi J. Ingibergsson sóknarprestur

www.vidistadakirkja.is



Ljóm: Guðni Gíslason

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utfararstofa.is

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Helgihald um jól og áramót 2017

Aðfangadagur jóla, 24. desember:

Aftansöngur kl. 18

Prestur: Sr. Jón Helgi Þórarinnsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn

Einsöngvari: Þórunn Vala Valdimarsdóttir

Miðnæturmesssa kl. 23.30

Prestur: Sr. Þórhildur Ólafsson
Organisti: Douglas A. Brochie
Einsöngvari: Ágúst Ólafsson

Jóladagur, 25. desember:

Hátíðarmessa kl. 14

Prestur: Sr. Þórhildur Ólafsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn.

Einsöngvari: Elfa Dröfn Stefánsdóttir

Sólvangur kl. 15.30

Hátíðarguðsþjónusta

Prestur: Sr. Jón Helgi Þórarinnsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Félagar úr Barbörúkórnum syngja

Gamlársdagur, 31. desember:

Aftansöngur kl. 17

Prestur: Sr. Jón Helgi Þórarinnsson
Organisti: Guðmundur Sigurðsson
Kór: Barbörúkórinn

Einsöngvari: Hjálmar Pétur Pétursson

Nýársdagur, 1. janúar 2018:

Hátíðarmessa kl. 14

Prestur: Sr. Þórhildur Ólafsson

Ræðumaður:

Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur

Organisti: Guðmundur Sigurðsson

Kór: Barbörúkórinn

Einsöngvari: Hugl Jónsson



*Þú færð jólagjöfina hjá okkur
Verstum í heimabyggð*

NONNI GULL

Handverk í sérflokk

Strandgötu 37 • sími 565 4040 • www.nonnigull.is

Myndlistarvörur

á verði sem kemur þér þægilega á óvart



Opið 13-18
Laug. 11-15

Föndurlist
Vaxandi

Strandgötu 75 | sími 553 1800 | www.fondurlist.is | Facebook

Hún hring minn ber



GULLSMÍÐJAN

Guðrún Bjarnadóttir, gullsmíður

LÆKJARGATA 34 c • HAFNARFJÖRDUR • facebook.com/Gullsmidjan

ÞORLÁKSMESSUSKATA

Hin árlega skötuveisla Hauka verður haldin á Þorláksmessu í Samkomusalnum.

Kæst skata og saltfiskur ásamt meðlæti á hóflegu verði.

Hefst kl. 12. Verð kr. 3.000.

Borðapantanir og miðasala í afgreiðslu, 525 8700 og bhg@haukar.is



Sr. Bragi J. Ingibergsson, sóknarprestur í Víðistaðakirkju:

Jólahugvekkja – Einstök jólagjöf

Guð faðir situr við sitt himneska borð og pakkar inn jólagjöf til allra barna sinna. Honum þykir óendanlega vænt um hvert og eitt þeirra og ætlar að gefa þeim eitthvað alveg sérstakt, jafnvel þó að börnin hafi ekki hagað sér sem best og oftast en ekki óhlýðnast vilja hans. En samt og ef til vill vegna þess þarf gjöfin að vera alveg einstök.

Jólin eru sannkölluð hátíð gleði og gjafmildi; þá gjarnan fáum við og gefum fallegar og góðar gjafir. Ættingjar og vinir skiptast á gjöfum sem gleðja og börnin njóta þess að taka utan af fjölbreytilegum og litríkum jólapökkum sem oftast vekja einlægan fögnuð.

Það er þó mismunandi eftir heimilum hve margar gjafir eru undir jólatrénu á aðfangadagskvöld. Aðstaður fólks eru misjafnar og einnig hefðirnar sem skapast hafa á löngum tíma. En hver sem fjöldi jólapakkana er þá er öllum hollt að hugleiða tilgang gjafanna og ekki sist þeim sem yngri eru.

Þegar við setjumst niður til þess að opna jólagjafirnar er gott að leiða hugann að því að við erum ekki aðeins



Sr. Bragi J. Ingibergsson

að þiggja efnislega hluti, heldur erum við miklu fremur að þiggja andleg verðmæti sem fólgin eru í kærleikanum, sem knýr gefandann til þess að gefa og gleðja.

Og jafnvel þó að þau séu til sem enga jólapakka fá, þá geta þeim samt sem áður hlotnast gjafir engu að síður. Jólahátíðin er tími gjafa og gleði hvort sem jólapakkar eru til staðar eða ekki.

Í því samhengi má telja jólin sjálf til góðrar gjafar - hina helgu hátíð - sem færir okkur birtu inn í skammdégið, en fyrst og fremst það fagnaðarrika innihald sem hún geymir okkur öllum til handa.

Jesús Kristur er stærsta gjöfin sem okkur getur hlotnast á jólum og sú gjöf varir lífið á enda; fæðing hans á jólanótt er persónuleg gjöf Guðs, merkt okkur hverju og einu. Með komu sinni í heiminn - og til okkar allra - færir Jesús okkur enn fleiri gjafir sem eru dýrmætari öllum jólapökkum heimsins.

Hann færði okkur gjöf ljóssins sem með geislum sínum hrekur myrkrið á braut. Hann færði okkur gjöf kærleikans sem með gæsku sinni sættir og sameinar bræður og systur. Og hann færði okkur gjöf lífsins - hins eilífa lífs - sem með mætti sínum sigrar afl dauðans.

Þetta eru dýrmætir gjafir, svo dýrmætir raunar að erfitt er að lýsa því með orðum og ómögulegt að meta á veraldlega mælikvarða sem okkur

eru oft nærtækastir. En þó getum við komist næst því að skilja gildi þeirra ef við skoðum þær í ljósi enn einnar gjafar Guðs sem ég hef enn ekki nefnt en það er gjöf trúarinnar.

Með trúna á Krist lifandi í hjarta verður innihald allra annarra gjafa Guðs raunverulegt og notadrjúgt á ævinnar braut. Því þá upplifum við að Jesús sjálfur er stærsta gjöf sem okkur er gefin, og þá sérstaklega vegna þess að hann fömaði sér fyrir okkur - gaf okkur líf sitt svo við mættum lífa.

Notum myndmál sem er nærtækt þessa daga. Guð faðir situr við sitt himneska borð og pakkar inn jólagjöf til allra barna sinna. Honum þykir óendanlega vænt um hvert og eitt okkar og ætlar að gefa okkur eitthvað alveg sérstakt, jafnvel þó að við höfum ekki alltaf hagað okkur sem best og oft óhlýðnast vilja hans. En samt og ef til vill vegna þess þarf gjöfin að vera alveg einstök.

Megi algóður Guð gefa þér einstök jól.



ALLT Í GÓÐAN JÓLAPAKKA

maxell HEYRNARTÓL

ALLT JÓLASKRAUT



25%
afsláttur

BEST LOCK KUBBAR



40%
afsláttur

ÖLL PÚSLUSPIL



30%
afsláttur



30%
afsláttur

NÝR VEFUR!

20.000 bækur! 1.500 pennar og blýantar!
MIKIÐ MAGN AF GJAFAVÖRUM OG HÚSGÖGNUM!

WWW.PENNINN.IS



**MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUÐSSON!**

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vörurval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er til og með 24. desember eða meðan birgdir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Jói – verðlaunasmásaga

eftir Kristófer Baldur Sverrisson sem var í 10. SHS í Víðistaðaskóla

„Hann sat við gluggann og horfði út á sjóinn? Verður sagan að byrja þannig? Hvaða bull er það?“ spurði hann systur sína undrandi.

„Já, kennarinn sagði það víst, það var annað hvort það eða eitthvað sumar rugl sem var álíka kjánalegt. Jæja, við verðum að fara að byrja á verkefninu.“ Hún kallaði í dóttur sína, sem kom möglandi innan úr herberginu sínu.

„Segðu bless við Jóa frænda.“

„Bæ, Jói“ sagði stelpa þreytulega.

„Bæ, gangi ykkur vel.“

„Viltu að ég skutli þér?“ spurði systir hans.

„Nei, nei“ sagði hann. „Þetta er fin kvöldganga.“ Hann kvaddi mæðgumarn með kossi og hélt út í myrkrið.

Hann ákvað að stytta sér leið í gegnum skrudgarðinn. Í garðinum var skuggsýnt og hann féll næstum um steinhullung á göngustígnunum. Þegar hann gætti nánar að, sá hann að þetta var lítil, falleg trékista. Hann var einn á ferli og enginn mögulegur eigandi kistunnar nálægur. Hann hugsaði sér gott til glóðarinnar og minnst sögu um sjóræningjafjárjóð sem móðir hans hafði sagt þeim systkinunum þegar þau voru yngri.

Þar sem kistan var læst ákvað hann að taka hana með sér heim og sjá hvort hann gæti opnað hana. Þegar heim var komið náði hann sér í verkfæri. Skrúffjám dugði ekki til. Hann reyndi með hamri, án árangurs. Eftir fjölmargar árangurslausar tilraunir gafst hann upp og lagði kistuna pirraður frá sér á eldhúsbörð. Það.

„Opnastu, fjandinn hafi það!“ hróp-
aði hann í þirringi sínum.

„Klikk.“ Lokið á kistunni small úr lás. Hann trúði varla sínum eigin augum. Þegar hann leit ofan í kistuna sá hann ekkert nema silfurliitt þríhorn og



Kristófer Baldur Sverrisson við verðlaunaafhendingu í Hafnarborg sl. vor.

slegil. Hann gat ekki annað en hlegið, bæði að sjálfum sér og „fjárjóðnum.“

Hann tók þríhornið upp og lét slegilinn leika af handahófi á allar hliðar þess. Í stað hljóðanna sem hann bjóst við að heyra, hljómaði gersamlega sturlað lag frá þríhorninu, besta lag sem hann hafði nokkurn tíma heyrt, besta lag sem nokkurn tíma hafði verið spilað. Hann lagði frá sér þríhornið og virti það undrandi fyrir sér.

„Hvur andskotinn?“ hugsaði hann. Hann tók það upp að nýju, en í þetta sinn sleppti hann því ekki fyrr en sólargeislar nýs dags lýstu upp herbergið. Hann vissi ekki hvernig hann ætti að nýta sér þennan nýfundna hæfileika sinn, en eitt vissi hann: Hann ætlaði að nýta sér hann til fulls!

„Bara ef það væri einhver leið til að sýna öðru fólki gagnslausa hæfileika

sína, án þess að þurfa að eiga í samskiptum við það?“ hugsaði hann með sér. „Aha! Internetið! Facebook! Youtube!“

Hann hentist inn í herbergi, stillti símann á upptöku, hristi af sér kjánahrollinn og byrjaði að spila. Myndbandið sem hann hlóð inn á hvern samfélagsmiðilinn á fætur öðrum fékk vægast sagt góðar viðtökur og innan skamms voru þessir 300 „vinir“ hans orðnir að þúsundum. Nokkrum dögum seinna voru þeir orðnir að hundruðum þúsunda og Jói, sem aldrei hafði ímyndað sér að hann yrði skemmtikraftur, var nú búinn að fá fjölmörg boð um að halda tónleika viðsvegar um heiminn.

Hann tók fyrst boði frá frægum amerískum skemmtikrafti og innan skamms var það orðið daglegt brauð að spila fyrir fullu húsi og heimsfrægð blasti við. Nafn hans var á vörum heimsbygðarinnar. Allir vildu heyra í honum og þríhorninu hans.

Jói fann samt fljótlega að frægðarlífíð gat verið einmanalegt. Hann var farinn að finna til vanlíðunar og mikillar þreytu, en læknir fullvissaði hann um að ekkert amaði að honum. Hann grundaði að þríhornaspilið væri farið að taka sinn toll.

Síðan kynntist hann Tinnu. Á einum þessara fjöldamörgu tónleika sem Jói hélt, sá hann fallegustu stúlku sem hann hafði augum litið, sitjandi á fremsta bekk. Hann vissi það jafn vel

þá og hann vissi það daginn sem þau giftust, að hún væri hin eina sanna. Hún var eina stúlkan sem leit á Jóa sem eitthvað annað og meira en bara gæjann með þríhornið.

En þó svo að ást þeirra hafi blómstrað meira og meira það frá degi, varð Jói sífellt veikari og máttfarnari. Hann hafði þó aldrei sagt Tinnu né nokkrum öðrum frá þessum veikindum sínum og var orðinn mjög fær í að leyna þeim. Hann hafði áður grunað að veikindin tengdust þríhorninu eitthvað. En nú var hann handviss um það. Hann fann fyrir því að í hvert sinn sem hann spilaði á það, veikist hann töluvert meira. En þrátt fyrir það vildi hann ekki hætta. Þrátt fyrir það gat hann ekki hætt. Hann bæði elskaði og hataði þríhornið. Það hafði gefið honum allt sem hann átti. En hann vissi að það gæti alveg eins auðveldlega hrífsað allt af honum. Hann átti í endalausum stríði við sjálfan sig. Enginn annar vissi af kröftum þríhornsins svo enginn gat veitt honum nokkurn stuðning. Hann vildi heldur ekki segja neinum frá þessari fíkn sinni. Hann vissi að enginn myndi skilja hann. Hann hafði spilað á önnur þríhorn en gat engan veginn spilað á þau á sama hátt. Hann var ekki góður þríhornsspilari. Hann var í raun ekki að spila á þríhornið. Þríhornið var að spila á hann. Hann vissi það, en hélt samt áfram. Hann hélt áfram og áfram og varð veikari og veikari, þar til að hann vissi nákvæmlega hversu oft í viðbót hann gat spilað. Hann fann það bæði á líkama sínum og í sálu sinni að hann átti eitt skipti eftir. Aðeins eitt skipti og þá yrðu fjöldin dregin fyrir í hinsta sinn.


Hann hætti alveg að spila. Hann spilaði ekki í mörg ár, öllum til mikillar furðu.

Allt lék í lyndi. Þangað til Tinna varð alvarlega veik og ekki leið á löngu þar til hún lá á dánarbedinu. Jói sat hjá henni og hélt í hönd hennar þegar hún bað hann sinnar hinstu bónar. „Gerðu það Jói, spilaðu fyrir mig.“ Hann vissi hvað það myndi þýða. En honum var sama. Hann hafði þríhornið ávallt á sér, í jakkavasanum. Nú tók hann þríhornið og slegilinn upp og spilaði betur en hann hafði nokkurn tíma spilað áður. Og þegar slegillinn hætti að slá, sló ekkert lengur í herberginu. Ekki einu sinni tvö ástfangin hjörtu.

Verðlaunasaga úr smásagnakeppni 8.-10. bekkina grunnskólanna 2017.

Hún er ljósið sem skín

Lagið, sem sungið er við textann „Nú blikar við sólarlag“ er upphaflega þekkt erlent jólaglag. Á aðventukvöldi að Sólvangi 23. desember 1979 sungu



„Tíu söngbræður“ frá Hafnarfirði þetta hugljúfa lag við nýjan texta eftir Eirík Pálsson, þá forstjóra Sólvangs, tileinkaðan jólahátíðinni.

Hún ljómar í heiði guðs lifandi sól. Þau lýsa og fegra hin dýrlegu jól. Þau gefa þér friðinn og fögnuð af því, að fæddur er mannsönur veröldu í.

Hann fórnaði sér fyrir fátæka menn. Var festur á krossinn og lifir þó enn. Hann veitir þér huggun í harmi og neyð. Af himneskri náð vísar sérhverjum leið.

Hin lifandi trú. hún er ljósið sem skín. Hún létir og vegferð og sporin öll þín. Og loks þá er kvöldið kemur svo þitt, guð kallar þig milt inn á heimilið sitt.

Eiríkur Pálsson frá Ölduhrygg.





Fjörukráin og Hótel Víking óska viðskiptavinum sínum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.



**Skötuveislan verður á sínum stað á Þorláksmessu frá kl. 11:30 og frameftir kvöldi.
Verð: 4.200 kr. pr. mann**

www.fjorukrain.is - Pöntunarsími 565 1213

Jólagjafir fyrir fótboltaáhugamenn.



// musikogsport



Mjúkir boltar
1.890 kr



Rúmföt
Liverpool - Manchester
United - Barcelona -
Real Madrid - Chelsea.
4.990 kr



Handklæði
3.990 kr



Smekkir 2 í pakka
2.990 kr



Samfellur
2 í pakka
3.990 kr



**Mínum á kvöldopnun
alla daga til jóla !**

Könnur
1.890 kr



**Músik
og Sport**

Reykjavíkurvegi 60 | Hafnarfirði | www.musikogsport.is

Jólahugvekja bæjarstjóra

Þegar þessi orð eru rituð eru vetrar-sólstöður. Dag fer nú að lengja á ný, nýtt upphaf sem við tengjum þó oftast við gamlársdag og nýársdag. Vetrar-sólstöður virðast vera rauður þráður í mörgum trúarbrögðum. Þá er sigri ljóssins fagnað, við höldum inn í enn eitt árið og enn einn hringinn í kringum sólina og svona heldur lífið áfram. Öll el styttir upp, regnið og skammdégið hörfa að vori fyrir sólinni sem öllu gefur líf. Rétt eins og það var áður en nokkurt okkar fæddist og þannig mun það vonandi halda áfram sem lengst eftir okkar daga.

Á ákveðnum aldri gerir maður sér grein fyrir því að áherslur tengdar jólum hafa breyst. Tilhlökkunin yfir því að fá pakka hefur færst yfir í það að fylgjast með börnunum sínum fá í skóinn og fá pakkana á aðfangadag og jafnvel er maður kominn það langt að upplifa þetta orðið í gegnum barnabörnin og börn sem koma manni alls ekkert við, en maður sér brosin og tilhlökkunina hvar sem maður fer. Að gefa veitir manni þá orðið miklu meira en það að þiggja. Á sama tíma gleðst



Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri í Hafnarfirði.

maður þó mest yfir því að það sé kominn tími á annan hring, maður sé enn þáttakandi í hringferðinni og ljósið sigri myrkrið enn einu sinni og neisti vors og sumars sé tendraður enn á ný.

Í sigri ljóssins og þess að fá að fara annan hring felast nefnilega þau óendanlega dýrmætu tækifæri að reyna að gera enn betur. Læra af vegferðinni, bæði því sem vel var gert og ekki sist því sem miður fór. Enginn er yfir það hafinn og engin fullþroska sál gerir sér þær væntingar að fara fullkomlega í gegnum ár eða æviskeið án mistaka. Þroskinn felst í því að greina á milli, læra og reyna að gera betur. Verða betri í dag en í gær. Þetta held ég að flestir þekki og hafi upplifað með einum eða öðrum hætti og vægi þessara gilda taki meira og meira pláss með hverju árinu sem maður lifir.

Í störfum mínum sem bæjarstjóri hef ég ásamt bæjarstjórnarmálfólki verið að ganga í gegnum veturinn. Við höfum þurft að ganga í gegnum mögur tímabil, tímabil aðhalds. Það hefur gengið þvert á alla málaflokka og tekist hefur verið á um áherslur í því eins og eðlilegt er. Það er eðli stjórnmálanna að takast á um málefnið og mælieiningar krónunnar. Sviðsstjórar allra málaflokka vildu hafa meira til skiptanna til að sinna sínum brýnu verkefnum. En þessi vinna hefur nú verið að skila sér og rétt eins og haustið og veturinn hörfa erum við að komast á þann stað að geta hlakkað til nýs upphafs, nýs hringis í kringum sólina.

Ný fjárhagsáætlun fylgir nýju ári og í byrjun desember var fjárhagsáætlun samþykkt í bæjarstjórn. Ber hún þess merki að það er að birta til og nú er loks

meira til skiptanna í brýn verkefni samfélagsins okkar. Þá er það skylda okkar sem stýrum að gæta þess að vel sé farið með, málaflokkarnir njóti allir góðs af og enginn verði út undan.

Í raun eru engin verkefni bæjarfélaga sem ekki flokkast sem brýn með einum eða öðrum hætti. Þó eru líðan og velferð barna og unglunga í forgrunni í nýsamþykktu fjárhagsáætlun.

Þegar kemur að málum barna og unglunga með greiningar og/eða fjölþættan vanda hefur mér fundist sem einstaklingi að við sem samfélag höfum heilt yfir brugðist. Ríki og sveitarfélög hafa þannig staðið hálf úrræðalaus gagnvart málaflokknum. Frá þessu eru þó undantekningar þar sem gripið hefur verið snemma inn í þannig að viðkomandi hefur átt farsælt líf. Allt of oft höfum við hins vegar brugðist algjörlega sem samfélag, þar sem ramminn sem reynt er að vinna eftir ræður ekki við eða viðurkennir ekki umfang vandans. Afleiðingarnar fyrir viðkomandi og aðstandendur verða þrautaganga sem oft hefur endað með skelfingu.

Þessi málaflokkur hefur snert mig og þannig hef ég fengið innsýn í hann bæði frá sjónarhóli stjórnmála hjá sveitarfélögum og frá sjónarhóli þeirra sem eru að vinna með einstakling sem var ófær um að bjarga sér sjálfur. Við höfum lofað að gæta samferðamanna okkar sem fæðast þannig eða veikjast; að þeir geti treyst á okkur hin til að gæta þeirra og vernda.

Þess vegna er ég glaður á þessum tímamótum, þegar sól fer að hækka á ný og áramót ganga í garð, að fá tækifæri til að leggja upp í annan hring með nýjar áherslur, meðal annars í þessum málaflokki. Í fjárhagsáætlun fyrir nýtt ár höfum við fengið tækifæri til þess að gera betur fyrir þennan málaflokk, sem gæti verið upphafið að því að verða öðrum til fyrirmyndar. Við náðum þeim markmiðum í ár með jafnlaunavottun, af því að hún var sett á oddinn fyrir nokkrum árum, og þess vegna er ég vongóður fyrir hönd skjólstaðinga bæjarins í þessum viðkvæma málaflokki.

Kæru vinir, fögnum nýju upphafi, fögnum því að fá ný tækifæri, vefjum ættingja, vini og samferðamenn hlýju og umhyggju og njótum jóla og áramóta.

Guð gefi ykkur gleðileg jól og farsæld á komandi ári.

Maður á að hlakka til hádegisverðarins

**MATAR
KOMPANI**



Hádegisverður fyrir fyrirtæki • Veisluþjónusta
matarkompani.is • S 626 6400





Hafnarfjörði & Granda



578 9700



kjotkompani@kjotkompani.is



[kjotkompani](https://www.facebook.com/kjotkompani)



**Björgunarsveit
Hafnarfjarðar**

Takk fyrir stuðninginn

Kæru Hafnfirðingar,
Nú er árið senn á enda og flestir í óða önn að leggja lokahönd á jóla undirbúninginn. Þessi árstími hjá okkur í Björgunarsveit Hafnarfjarðar einkennist eins og margir vita af fjáröflun en þessir síðustu tveir mánuðir ársins eru okkar helstu fjáröflunarmánuðir.

Í byrjun nóvember seldum við Neyðarkallinn og flest ykkar hafa án efa tekið eftir okkar fólki víðsvegar um bæinn þá daga sem salan stóð yfir, það er mér sönn ánægja að segja frá því að aldrei hafa fleiri fyrirtæki verslað af okkur stóra neyðarkallinn en nú í ár og er ég ákaf-

lega þakklátur öllum þeim sem studdu okkur í þessari fjáröflun.

FJÁRAFLANIR

Desember er mjög annasamur hjá okkur og hefst vinnan strax í byrjun mánaðar við undirbúning bæði jólatrjáa- og flugeldasölu.

Jólatrjáasalan var opnuð þann 11. desember og verður opin fram á Þorláksmessukvöld og vonandi ná allir að finna hið fullkomna tré.

Flugeldasala björgunarsveitarinnar hefst svo þann 28. desember og stendur til klukkan 16 þann 31. desember. Það er gríðarlega mikil vinna sem fram fer þessa daga og oft eru það því ansi þreyttir einstaklingar sem skella í lás þann 31. eftir mikla vinnutörn. Það er

**Flugeldasala
björgunarsveitarinnar
er lífæð starfsins
– Bæjarbúar! Leggjum okkar
skerf af mörkum.**



Flugeldasala:

- Hvaleyrarbraut 32 (innst á Lónsbraut)
- Gamla slökkvistöðin (Flatahrauni 14)
- Við Tjarnarvelli

OPÍÐ:

Fimmtudaginn 28. desember kl. 12 - 22

Föstudaginn 29. desember kl. 10 - 22

Laugardaginn 30. desember kl. 10 - 20

Gamlársdag kl. 09 - 16



þó ekki allt búið þá því við tekur þrett-
ándasalan og svo auðvitað frágangur, já
blessaður frágangurinn sem allir elska.

VIÐAMIKIÐ STARF

Þegar lítið er yfir árið í heild sinni þá
hefur það bæði verið gott en einnig á
köflum erfitt og það má í raun sennilega
segja um öll þau ár sem ég hef starfað í
þessari sveit, en þau verkefni sem falla
í okkar hendur eru ekki alltaf auðveld.

ÞAKKLÁT FYRIR HLÝHUG

Strax í byrjun árs tókum við þátt í
stóru og erfiðu útkalli sem snerti alla
þjóðina og allir þeir sem einhverskonar
aðstoð gátu veitt voru svo sannarlega
tillúmin til þess. Alla þá umhyggju og
hlýhug sem ég fann fyrir í garð okkar,
björgunarsveita fólks á meðan á þessu
erfiða útkalli stóð vil ég þakka fyrir.

Húsið okkar Klettur var nýtt sem
miðlæg stjórnsíð í þessari aðgerð og
kom sér vel þar sem mörg hundruð
manns tóku þátt í þessari aðgerð því
þörf á stóru húsi þar sem leitarmenn
komu saman til fundar með aðgerða-

stjórn ásamt því að þurrka föt og fá sér
næringu.

YFIR 150 ÚTKÖLL


Óska staðan er auðvitað sú að ekkert
útkall berist yfir árið en nú í ár tók
Björgunarsveit Hafnarfjarðar þátt í
rúmlega 150 útköllum ofan á þetta
bætast svo útköllinn hennar Perlu sem er
sporhundur sveitarinnar, en þau voru
hátt á fjórða tug þetta árið.

Starfsemi eins og okkar þarf sterkt og
gott bakland og þið kærufirðingar
eruð okkar bakland, með ykkar hjálp
getum við stökkið af stað þegar kallið
berst.

Um leið og við þökkum ómetanlega
stuðning á liðnum árum býð ég ykkur
öll hjartanlega velkomin í jólatré söluna
og á flugeldasölu staði okkar. Þannig
styðjið þið björgunarsveit í ykkar
heimabyggð

Fyrir hönd Björgunarsveitar Hafnar-
fjarðar sendi ég ykkur öllum bestu óskir
um gleðilega hátíð, örugg áramót og
gæðfíkt komandi ár.

Gísli Johnsen, formaður
Björgunarsveitar Hafnarfjarðar.



Óskum bæjarbúum gledilegra jóla og farsæls nýs árs!



A. HANSEN
SPETHUS
churrasco
Vesturgötu 4 • www.ahansen.is



AO
ATLANTSOLÍA
Lónsbraut 2 • www.atlantsolia.is



Apótek
Hafnarfjarðar
Selhelli 13 • sími 555 6650



BAN KUNN
THAI RESTAURANT
Tjarnarvöllum 15 • sími 565 5665



BÍLAMÁLUN
ALBERTS
Stapahrauni 1 • sími 555 4895



Bílaraf
www.bilaraf.is
Flatahrauni 25 • www.bilaraf.is



BÍLASPÍTALINN
Kaplahauni 1 • Hafnarfirði • Sími: 565 4332 • bsp@bsp.is
Kaplahauni 1 • www.bsp.is



Bílaverk ehf.
Kaplahauni 10 • sími 565 0708



BLIKKSHELLA
S. 555 4662 GSM 897 4230
Rauðhelli 12 • sími 555 4662



Blikksmíði ehf.
B l i k k s m í ð i a
Melabraut 28 • sími 565 4111



BÓKHALDSSTOFAN ehf
Bæjarhrauni 12



BRAMMER
Steinhelli 7a • www.brammer.is



Bæjarbros
Róbert Gerald tannlæknir
Bæjarhrauni 2 • www.baejarbros.is




EIMSKIP
Korngörðum 2 • www.eimskip.is



ER hús ehf.
BYGGINGAVERKTAKAR



**Félag eldri borgara
i hafnarfirði**
Hraunsel, Flatahrauni 3 • www.febh.is



FH
Kaplakrika • www.fh.is




Frjálsíþróttadeild
Kaplakrika • www.fh.is/frjalsar



Flügger litir
Dalshrauni 13 • sími 544 4414



Frumherji
Dalshrauni 5 • www.frumherji.is



G. Rúnar ehf.
GUÐM. RÚNAR ÓLAFSSON
TANNLÆKNIR
Reykjavíkurvegi 62 • 220 Hafnarfirði



**gaflara
LEIKHUSID**
Víkingsstræti 2 • www.gaflaraleikhusid.is



Gaflarar
RAFVERKTAKAR
Lónsbraut 2 • www.gaflarar.is



Gaman
Ferðir
Bæjarhrauni 14 • www.gaman.is

FJARÐAR fréttir óska þér og þínum
gledilegra jóla!

Ný ljósmyndabók



Bókakápan á nýju bók Lárusar Karls.

Út er komin ný ljósmyndabók eftir hafnfirski ljósmyndarann Lárus Karl Ingason. Ljósmyndir í þessari bók sýnir ástríðu hestamanna í ferðum undanfarin ár uppá hálendi Íslands. Lárus Karl hefur verið í för með þeim frá árinu 2011 til að safna saman í bók þeim ólíku aðstæðum sem biða hesta og knapa í hálendi landsins. Myndirnar í bókinni sýna ekki aðeins hesta heldur einnig fjölbreytta náttúru Íslands sem Lárus Karl nær að fanga vel auk þess sem skýringarkort sýna reiðleiðina og myndatöku staðinn.

Lárus Karl hefur starfað sem ljósmyndari í 30 ár og unnið bæði sem auglýsingaljósmyndari og þjónað ýmsum stofnunum og ráðuneytum.

Á undanförmum árum hefur hann myndskreytt margar bækur sem tengjast náttúru Íslands, flestar á sviði fluguveiða en síðustu bækur hans voru bækurnar Timeless Nature sem kom út árið 2014 og í ár mynskreytti hann matreiðslubókina Taste of Iceland.

Bókin er til sölu víða, m.a. í Eymundsson á Strandgötu en einnig má kaupa hana hjá höfundi.

Sendum félagsmönnum,
fjölskyldum þeirra og
landsmönnum öllum
hugheilar jóla-
og nýárskveðjur.



www.fit.is

FIT
FÉLAG IÐN- OG
TÆKNIGREINA

GLEÐILEG JÓL

og þökkum fyrir viðskiptin á árinu.



Burger★inn

**OPNUNARTÍMAR
JÓL OG ÁRAMÓT**

23.des. Opið kl.11-22

24.des. Lokað

25.des. Lokað

26.des. Lokað

31.des. Opið kl.11-15

1.jan. Opið kl.16-21

Flatahraun 5a ★ 220 Hafnarfjörður ★ 5557030 ★ www.burgerinn.is

Óskum bæjarbúum gledilegra jóla og farsæls nýs árs!



urta.is landica
GAMLA MATARBÚÐIN
AUSTURGATA 47 - S: 470-1300



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ
Berghelli 1 • www.gamar.is



GÁRA
SKIPAMÍÐLUN
Korngörðum 2 • www.gara.is



Goa
Stofnað 1968
Garðahrauni 2, Gb. • www.goa.is



GT
Hreinsun ehf.
Rauðhelli 1 • www.gtv.is



GUNNARS
1960
Dalshrauni 7 • www.gunnars.is



Hafás
RAFSTÖÐVAR EHF.
Rauðhelli 9 • 5654069



**HAFNARBAKKI
FLUTNINGATÆKNI**
Hringhelli 6 • www.hafnarbakki.is



HAFNARFJARDARHÖFN
www.hafnarfjardarhofn.is



HAGMÁLUN
ÖLL ALHLIÐA MÁLNINGARVINNA
SIGURJÓN EINARSSON, MÁLARAMEISTARI
SÍMI 894 1134 - HAGMALUN@SIMNET.IS



HAGSTÁL ehf.
Brekutröð 1 • sími 565 1944



HAGTAK
Fjardargötu 13-15 • www.hagtak



Handprjón.is
Reykjavíkurvegi 64 • www.handprjon.is



HAUKAR
Ásvöllum • www.haukar.is



**HB
BÚÐIN**
Reykjavíkurvegi 66 • sími 555 0070



H-BERG
Grandatröð 2 • www.hberg.is

Heimir og Jens ehf.
pípuلاغningameistarar
Heimir sími 892 8607, Jens sími 898 0053



HÍBYLI OG SKIP
Traust í viðskiptum
Bæjarhrauni 2 • www.hibyliogskip.is



das HRAFNISTA
Reykjavík | Hafnarfjörður
Kópavogur | Reykjanesbær | Garðabær
Hraunvangi 7 • www.hrafnista.is



HÚSASMÍÐJAN
Dalshrauni 15 • www.husa.is

HVALUR hf.
Reykjavíkurvegi 48



HÖNNUNARHÚSIÐ ehf.
Bæjarhrauni 2 • sími 565 4513



IDNVELAR
Smiðjuvegi 44-46, Kóp. • www.idnvelar.is



ISHÚS HAFNARFJARDAR
Strandögu 90 • sími 698 9608

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
gledilegra jóla!

Ljósaskilti skapa hættu í umferðinni

Markatafla FH breytist í auglýsingaskilti án leyfa

Skær ljósaskilti hafa í auknum mæli verið sett upp við fjölfarnar umferðar-götur á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Hafa þau verið sett upp utan veghelg-unarsvæðis Vegagerðarinnar sem heim-ilar ekki slík skilti.

Ljósaskiltin geta verið mjög áberandi og þar af leiðandi truflandi því tilgangur þeirra er að fanga athygli vegfarenda. Víða eru skiltin við hraðar umferðar-götur og skapa því töluverða hættu að mati Vegagerðarinnar.

Skipulags- og byggingarreglugerð sem eru á verksviði sveitarfélaga fjallar m.a. um auglýsingar. Umrædd skilti eru af þeirri gerð að sækja þarf um bygg-ingarleyfi fyrir uppsetningu þeirra og með hliðsjón af því að þeim er beint að akandi vegfarendum telur Vegagerðin eðlilegt að leitað sé umsagnar hennar áður en leyfi er veitt fyrir uppsetningu slíkra skilta. Það hefur ekki verið gert.

Vegagerðin hefur áhyggjur af að þessi skæru skilti skerði mjög öryggi vegfarenda þar sem þau fanga athygli þeirra enn meir en fyrri skilti vegna ljósmagns og breytileika. Skiltin eru mörg sett upp við vegi þar sem umferðarhraði er mikill og sum hver að auki við umferðarmikil vegamót.



Markataflan á Kaplakrika sem milli leikja er ljóslogandi auglýsingaskilti.

Vegagerðin leggst gegn uppsetningu auglýsingaskilta sem beint er að vegfarendum og geta haft neikvæð áhrif á öryggi vegfarenda. Því hefur Vegagerðin sent bréf til sveitarfélaga sem bera ábyrgð á leyfisveitingunum til að gera þeim grein fyrir niðurstöðum rannsókna og afstöðu Vegagerðarinnar varðandi umrædd auglýsingaskilti.

Í Hafnarfirði hefur FH sett upp nýja markatöflu í Kaplakrika sem leyfi var veitt fyrir. Þar kom hins vegar hvergi

fram að hún væri á snúningsfæti og

væri notuð sem auglýsingaskilti sem beindist að þeim sem koma suður Fjarðarhraunið um FH torg.

Hafa margir kvartað undan truflandi birtu frá skiltinu. FH hafði áður óskað eftir að fá að skipta flettiskilti sínu á mótum Fjarðarhrauns og Reykja-nesbrautar í ljósaskilti en vegna and-stöðu Vegagerðarinnar var það ekki heimilað af byggignaryfirvöldum í Hafnarfirði.

Var vakin athygli á málinu á fundi skipulags- og byggingarráðs 14. nóvember sl. en leyfi fyrir markatöflunni var veitt á afgreiðslufundi skipulags- og byggingarfulltrúa 1. apríl 2015.

Málið hefur enn ekki fengið afgreiðslu ráðsins þó tveir fundir séu liðnir frá því að málið var tekið upp.

Velkomin í Jólaborpið í Hafnarfirði

Opið á Þorláksmessu frá kl. 12-22

Laugardagurinn 23. desember

14:00 Sönghópurinn Mistiltónar

14:30 Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

15:00 Jólabbal með Langlegg og Skjóðu

Jólasveinar og Grýla verða á vappi um bæinn frá kl. 14-15 og Bettína verður á ferli á Strandgötunni með hestvagninn sinn.

19:00 Jólaganga frá Hörðuvöllum í Jólaborpið

19:00 Sveinn Sigurjónsson með nikkuna

19:30 Samsöngur í Jólaborpinu undir stjórn Felix Bergssonar

19:45 Óperudúettinn Davíð og Stefán syngja hress jólalög

20:15 Fanný Lís Hevesi og Antonía Hevesi leika jólalög



Nánar á jolathorpid.is



ÍSFELL

Ísfell ehf, Óseyrarbraut 28
220 Hafnarfjörður, Sími 5200 500
www.isfell.is, isfell@isfell.is

Óskum landsmönnum öllum
gleðiríkrar hátíðar
og farsældar á nýju ári

Starfsfólk Ísfells

Óskum bæjarbúum gledilegra jóla og farsæls nýs árs!



Dalshrauni 14 • www.jak.is



Jón Bókari
Alþjóðaviðskipti ehf.

Cuxhavengötu 1, 220 Hafnarfirði
s. 552 8771, bokhald@jo.is
Jón Helgi Óskarsen, viðtækendur bókarí
Laufey Breiðdal, viðtækendur bókarí



Flatahrauni 21 • www.threstir.is

Kjötkompaní

Dalshrauni 13 • www.kjotkompani.is



Krabbameinsfélag
Hafnarfjarðar



KUBBUR

Umhverfið er okkar

www.kubbur.is



Álfhelli 9-11 • www.kvarnir.is



Óseyrarbraut 2 • www.kaenan.is

Lagnalausnir ehf.

Fagrabergi 18 • sími 892 4715



Fjarðargötu 9 • www.landsbankinn.is



Firði, Fjarðargötu 13-15



Strandgötu 32 • sími 517 8666



Reykjavíkurvegi 62 • www.localsalat.is



www.lodalausnir.is



Gullhelli 1 • www.colas.is



MARKADSSTOFA HAFNARFJARÐAR

Hreyfjafl fyrir atvinnulíf, bæjarbrag
og þróun Hafnarfjarðar

Strandgötu 4 • www.msh.is

Meindýraeyðing
Hafnarfjarðar


Sími 822 3713



Reykjavíkurvegi 60 • www.musikogsport.is



Strandgötu 31 • www.penninn.is



SAMÚELS & KÁRA EHF



Flatahrauni 5b • www.rafeining.is



Gjótuhrauni 8 • www.rafrun.is



lögiltur rafverktaki

Cuxhavengötu 1



Helluhrauni 4 • www.rag.is

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
gledilegra jóla!

Sjúkraþjálfun í samstarfi við leikskóla

Tómas Páll fór í 500. sinn í sjúkraþjálfun hjá Sjúkraþjálfaranum

Fyrir skömmu fór hann Tómas Páll í 500 skiptið í sjúkraþjálfun hjá Sjúkraþjálfaranum. Tómas er aðeins 5 ára og hefur þurft á mikilli aðstoð að halda og fengið hana hjá Margréti Ágústu Þorvaldsdóttur sjúkraþjálfara bæði hjá Sjúkraþjálfaranum við Strandgötu og eins hefur Margrét farið vikulega í leikskólann á Víðivöllum þar sem Tómas Páll er.

Margrét Ágústa segir það hafa verið mikið framfaraspor þegar samstarf úti í leikskólanum fékkst viðurkennt hjá Sjúkratryggingum en þar gefst bæði tækifæri til að fylgjast með börnunum í þeirra daglega starfi auk þess sem starfsfólk leikskólans fær að fylgjast með og þannig lært að styðja vel við þjálfun barnanna.

Tómas fer einu sinni í viku til sjúkraþjálfara og einu sinni í viku kemur sjúkraþjálfari til hans í leikskólans og vinnur þar í samstarfi við Önnu Sveinsdóttur þroskaþjálfara Tómasar.

Foreldrar hans eru mjög ánægðir með samstarfið og árangurinn sem náðst hefur. Ekki er langt síðan hann fór að geta gengið örugglega og nú er næsta skrefið að þjálfari hann til hraðari göngu og hjálpa honum að hoppa.



Tómas Páll og Margrét Ágústa sjúkraþjálfari, tilbúin að fagna góðum áfanga með súkkulaðiköku.

Þrír sjúkraþjálfarar hjá Sjúkraþjálfaranum sinna nær eingöngu börnum og segir Margrét að þau sinni um 30-40 börnum á leikskólum bæjarins.

Viðfangsefnin eru mismunandi allt frá minniháttar vandamálum og upp í alvarlegri vandamál eins og í tilfelli Tómasar en Margrét segir mjög

ánægjulegt sé að sjá þann árangur sem sé að náðst.

Brottför

Orka og kraftur þitt boðorð var fyrst berjast mót brottför á lífið varstu þyrst.

Stund milli stríða með ljósbrotin sín börn sem bíða eru börnin þín.

Bíða og vona að dagur sé enn en tíminn sækir og kemur senn.

Hugur og hjarta var gangvirki sem gekk en dugði ekki lengur og dauðinn sitt fékk.



Sigursveinn Helgi
mars 2009

Lemon

Jólin eru komin

Samlokur

Jólaskinkan

Jólaskinka, pestó, eplasalsa, eldþipar, mangó og spínat

sweet chili turkey

Kalkúnn, pestó, sæt chilisulta, eldþipar og spínat

Djúsar

ef ég nenni

mandarínur, ástaraldin og ananas

jólakötturinn

epli, engifer og chai

christmas flirt

epli, vanilluskýr og chai

Óskum bæjarbúum glæðilegra jóla og farsæls nýs árs!



SAGA MEDICA

Suðurellu 8 • www.sagamedica.is



Cuxhavengötu 1 • www.saltkaup.is



Samfylkingin

Strandgötu 43 • www.xshafnarfjorður.is

Jólaúeðja
DB SCHENKER

Fornubúðum 5 • sími 571 4600

**Skípt
í miðju**
HÁRSNYRTISTOFA

Lækjargötu 34b • sími 555 7733

SKOLAR

www.skolar.is



Slysavarnardeildin Hraunprýði



Firði 2. hæð • www.smartbeds.is



Snyrtistofan Björt

Bæjarhrauni 2 • sími 555 6255



www.facebook.com/skatalundur

staff.is

FYRIR FÓLK OG FYRIRTÆKI

Súðavogi 7 • www.staff.is



STEYPUSTÖÐIN

STERKARI LAUSNIR

www.steypustodin.is



Súðavogi 7 • www.stjornustal.is



Trönuhrauni 8 • www.stod.is

Strendingur ehf.
verkfræðipjónusta

Fjarðargötu 13 • www.strendingur.is



Fornubúðum 8 • www.studiodis.is



STYRIVÉLAPJÓNUSTAN EHF.

Stapahrauni 5 • www.styri.is

Sýningaljós slf.

Cuxhavengötu 1

TEMPRA
einangrun - umbúðir

Íshellu 8 • www.tempra.is



BYGGINGAVERKTAKAR

Hjallahrauni 7 • sími 555 2348

Tuk Tuk
thai

Fjarðargötu 19 • sími 519 8888



tul ehf

teiknistofan upp á lofti

Drangahrauni 8 • sími 565 1525

ÚR & GULL

Firði • Miðbæ Hafnarfjarðar • Sími: 565 4666



Útfararþjónustan ehf.

Stofnuð 1990

Fjarðarási 25 • www.utfarir.is

FJARÐAR fréttir

óska þér og þínum
glæðilegra jóla!

Mislæg gatnamót við Krýsuvíkurveg opnuð

Klippt á borða og mikil ánægja með nýju gatnamótin sem auka öryggi til muna

Gatnamót Reykjanesbrautar og Krýsuvíkurvegar voru formlega tekin í notkun sl. föstudag er Sigurður Ingi Jóhannsson samgönguráðherra klippti á borða á gatnamótunum.

Um Reykjanesbraut á þessum stað fara 15 þúsund bílar á dag og um 6 þúsund um Krýsuvíkurveg eða um 21 þúsund bílar daglega í allt.

Verkið hefur gengið mjög hratt en byrjað var á verkinu í mars sl. Ýmiss konar frágangsvinnu á þó eftir að vinna og verður lokið við þá vinnu á vormánuðum 2018.

Gerðar voru breytingar á Krýsuvíkurvegi, gerður tengivegar að Suðurbraut sem tengir Hvaleyrarholtið við Vellina og tengivegur að Selhelli sem var sérstaklega gerður vegna óskar



Nýju gatnamótin auka umferðaröryggi og tengja Hvaleyrarholt við Vellina.



Klippt á borðann, frá vinstri: fulltrúi Loftorku, Guðlaug Kristjánsdóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Jón Gunnarsson, Hreinn Halldórsson, Rósa Guðbjartsdóttir og fulltrúi Suðurverks.

Icelandair. Einnig tilheyrir verkinu gerð göngu- og hjólastígs meðfram Suðurbrautartengingu og hraðatakmarkandi aðgerðir á Suðurbraut. Þá er gerð hljóðmana við Reykjanesbraut í Hafnarfirði hluti verksins. Var notað efni frá gerð mislægu gatnamótanna í það verk. Þá eru innifaldar í verkinu breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja og landmótun.

Heildarkostnaður er áætlaður um 1.100 milljónir kr.

Við athöfnina ávarpaði Sigurður Ingi Jóhannsson viðstadda og fagnaði þess-

um tímamótum sem hann sagði mikilvægan þátt í að bæta umferðaröryggi á Reykjanesbraut og í sama streng tók Hreinn vegamálastjóri. Sérstaklega var getið hversu vel verkið gekk og vel að öllu staðið og öllum til fyrirmyndar.

Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri fagnaði einnig verkinu í kaffisamsæti á eftir en þrýsti jafnframt á að tvöföldun Reykjanesbrautar frá kirkjugarðinum að nýju gatnamótunum yrði lokið sem allra fyrst og aðgerðum við lagfæringu á gatnamótum við Kaplakrika og Lækjargötu.

Starfsfélk Sign

óskar Hafnfirðingum

og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og

farsældar á komandi ári.

Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

Óskum bæjarbúum gledilegra jóla og farsæls nýs árs!



ÚTHAFSSKIP

Fjarðargötu 13-15 • www.uts.is

UTHALO.IS

IronViking ehf. • Flatahrauni 31

VALITOR

Dalshrauni 3 • www.valitor.is



Verkalýðsfélagið Hlíf

Reykjavíkurvegi 64 • www.hlif.is



VERSUS

BÍLAMÁLUN / RÉTTINGAR

SUÐURHRAUNI 2 GARÐABÆ SÍMI 554 4060

VHE

VÉLAVERKSTÆÐI

Melabraut 23-25 • www.vhe.is



**VINSTRI
GRÆN**

Hafnarfirði • www.vg.is



Vörumerking

Suðurhrauni 4a • www.vorumerking.is



SNYRTISTOFAN ÞEMA

Dalshrauni 11 S. 555-2215



Restaurant Þrír frakkar

Baldursgötu 14 Rvk. • www.3frakkar.com



ØLSTOFA

HAFNARFJARÐAR

Súðavogi 7 • www.staff.is

FJARÐARFRÉTTIR

www.fjardarfrettir.is | sími 565 4513

Gledileg jól



Hugheilar hátíðarkveðjur til þín og allra þinna. Við þökkum
ánægjulega fundi, gott samtal og samstarf á árinu sem er að líða.
Megi nýtt ár færa okkur öllum hamingju og góða heilsu.

Bæjarstjórn og starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar



Gátuvísur

(Ráðning hverrar vísu er eitt orð)

„Hér áður og fyrr stytta menn sér stundir, oft í löngu skammdegi, við að búa til þrautir sér og öðrum til dægurstyttingar. Til þess þurfti og þarf hæfileika og þekkingu og leikni í meðferð viðfangsefnisins. Oftast var móðurmálið notað sem leikvangur af þessu tagi, því að minna var um hlutkenndan efnivið. Á öld fjölmiðlanna, blaða, bóka, útvarps og sjónvarps, er líklega fátíðara, að menn gefi sér tíma til að sinna slíku í tómstundum, en ævinlega eru þó undantekningar frá meginreglu.“ Þetta var skrifað í Borgarann, blað Félags óháðra borgara í desember 1979 og til upprifjunar birt hér.

Hér á eftir fara 22 gátu vísur, ortar af Magnúsi Jónssyni, kennara og bókbindara, og er ráðning hverrar vísu eitt orð - nafnorð. Búast má við, að síðasta vísan vefjist mest fyrir mönnum, en þar kveður höfundur ráðningarorð gátunnar hafa mismunandi merkingu eftir landshlutum.

1. Bréf í húsin ber ég æ,
úr blaði einn mig klippti,
vatni úr jörðu veitt ég fæ,
viða gluggum skipti.
2. Fólkið með mér fékk sér graut,
festur skáps á stallinn,
kem af heflis beinni braut,
burt úr aski fallinn.
3. Mig við máltíð víðast veit,
í vefstól má ei bresta,
skip og frjósöm flatlend sveit,
fótaborður hesta.
4. Eg í rjáfri áður hékk,
áhrif hef á gengið,
úrslit prófs ef illa gekk,
oft við klifur fengið.

5. Þaks í hverf mig valdi ver,
vænn á spilakvöldum,
landslags-hryggur líka er,
lotið fyrr á öldum.
6. Undir bolla lágt mig legg,
löðréttur með sænum,
gagnstætt mér er örþunn egg,
oft sem nafn á bænum.
7. Þig á hanans haus ég sé,
hátt í fjallaveggnum,
í þér rænt var fyrrum fé,
fórstu hárið gegnum.
8. Feikn í skógi finnst af því,
fréttir okkur gefur,
rakvélinni er það í,
egg og bakka hefur.
9. Jarðar það um svörð má sjá,
söngvarar því flíka,
klaufinn hefur ekki á,
er í krossvið líka.
10. Aflöng hæð á fedrafold,
finnst sem kirkjustaður,
sívalt undir höfði hold,
hópur ávarpaður.
11. Stundum staðið er mér á,
innangangur hjá seggjum,
þinn við dauða fer þér frá,
flýg og verpi eggjum.
12. Fæ í rjúpu klónum krækt,
kunngt nafn á mönnum,
knattspyrnunnar félag frægt
fallið lið í hrönnm.
13. Mér það tek ef ferð vil fá,
fótspor glöggt nm stirndi,
skip á sjó og skýrt má sjá
skýjum á í vindi.

Magnús Jónsson fæddist í Hafnarfirði 10. júlí 1926. Hann ólst upp í Hafnarfirði.

Að loknu skyldunámi hóf hann störf hjá Raftækjaverksmiðjunni Rafha, lærði bókband og lauk sveinspróf frá Iðnskólanum í Reykjavík 1953. Útskrifaðist frá Kennaraskólanum 1957. Lauk eins árs námskeiði í bókasafnsfræðum í Kaupmannahöfn 1962. Stundaði almenn kennslustörf með hléum til ársins 1980. Starfaði á árunum 1962-1967 í bókasafni Hafnarfjarðar. Loks var Magnús minjavörður við Byggðasafn Hafnarfjarðar árin 1980-1995. Auk þess starfaði hann nítján sumur í kirkjugarði Hafnarfjarðar.

Magnús starfaði mikið af félagsmálum og bar hæst ártuga störf innan Góðtemplarareglunnar og Kvæðamannafélags Hafnarfjarðar. Magnús var mikill áhugamaður um sögu Hafnarfjarðar og er höfundur



Magnús Jónsson

bókanna „Bær í byrjun aldar“ og „Hundrað Hafnfirðingar“ I, II og III. Magnús lést á Sólvangi 3. febrúar 2000.

14. Skammaryrði jags við él,
jurtum held á vengi,
kaffið drýgja kunni vel,
kjöt er sagt þar hengi.
15. Lúkars-stiga hlífðarhlíð,
helzt sem garp má kenna,
ýmsa glugga innan við
og á höfði kvenna.
16. Kemur eftir högg á húð,
hross í bústofns-safni,
fellur votur fars að súð,
fremst í kvenmannsnafni.
17. Norrænt kvenmannsnafn ég ber,
nógur ríkidómur,
lýsi því ef einhver er
óskráður og tómur.
18. Er í tengslum elds við log,
und á margan setti,
nafn á manni er ég og
ef til vill á ketti.
19. Fer af gömlu sári seint,
sést ég fremst í orðum,
lundarfarið get ég greint,
Gunnar skaut mér forðum.
20. Fyrst á vorin fær mig hrafn,
fjallsins kantur þunni,
birzt ég get sem bæjarnafn,
brýnd, svo skera kunni.
21. Andaður á æðra fer,
upp fær hljómsveit sprangað,
matur dýr á hausti hér,
höldar reru þangað.
22. Orð – og stuttur ei því nær,
ílát svipað krúsum,
í hvorugkyni lítinn ljær
Langnesingsins húsum.

Umhugað um velferð fólks

IceTransport styrkir Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar

IceTransport, umboðsaðili FedEx á Íslandi tekur árlega virkan þátt í verkefni er nefnist FedEx Cares. Í fyrra naut Mæðrastyrksnefnd Hafnarfjarðar góðs af verkefninu og sama var uppi á teningnum í ár. Starfsmenn IceTransport hafa síðustu vikur safnað fötum og

barnaleikföngum sem fara án efa á góða staði fyrir þessi jól. Að auki færðu þeir Mæðrastyrksnefndinni nokkur gjafakort í Bónus að heildarupphæð 50 þús krónur sem koma til með að nýttast fjölskyldum vel fyrir hátíðina sem nú senn gengur í garð.



Starfsfólk IceTransport í Hafnarfirði með fatapokana.

Nr. 25/1961.

TILKYNNING

Verðlagsnefnd hefur ákveðið eftirfarandi hámarksverð á brauðum í smásölu:

Rúgbrauð óseydd 1500 gr. kr. 8,10.
Normalbrauð 1250 — — 8,10.

Séu nefnd brauð bökuð með annarri þyngd en að ofan greinir, skulu þau verðlögð í hlutfalli við ofangreint verð. Á þeim stöðum, sem brauðgerðir eru ekki starfandi, má bæta sannanlegum flutningskostnaði við hámarksverðið.

Utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má verðið vera kr. 0,20 herra en að framan greinir.

Söluskattur er innifalinn í verðinu.

Reykjavík, 28. september 1961.

VERÐLAGSSTJÓRINN.

Rætt við ungan listmálara

Viðtal við Jón Gunnarsson listmálara í „Rödd æskunnar“ í október 1961

Jón Gunnarsson listmálari er fæddur árið 1925 og er því 92 ára. Myndir hans prýða fjölmörg hafnfirsk heimili og stofnanir en Jón hefur verið afkastamikill málari og er enn að. Hafnarfjörður og nágrenni hefur lengi verið viðfangsefni hans í málalolistinni auk hafsins sem hann sagði 35 ára hafa haft mesta ánægju af að mála. Jón hefur haldið yfir 20 einkasýningar og tekið þátt í fjölda annarra sýninga.

Síðasta sýning hans var í verslun Icewear í Austurstræti árið 2015 í tilefni af 90 ára afmælinu. Þá var enginn áhugi fyrir sýningu á verkum hans í Hafnarborg, menningar- og listasafni Hafnfirðinga!

Til gamans er hér birt viðtal við Jón sem birtist í blaðinu „Rödd æskunnar“ sem Félag ungra jafnaðarmanna gaf út. Viðtalið birtist í 3. tbl. 3. árg. blaðsins sem kom út 6. október 1961.

„Hafnfirðingur, að nafni Jón Gunnarsson, hélt málverkasýningu í Lönskólanum í Hafnarfirði dagana 26. ágúst til 10. sept. s.l. Ritstjórar Raddar æskunnar brugðu sér á sýninguna og röbbuðu örlítið við listamanninn.

Jón er 35 ára gamall, sonur þeirra hjóna Gunnars Jónssonar og Guðmundínu Þorláksdóttur, Garðavegi 1. Hann hefur lengst af verið sjómaður, aðallega á togurum, en starfar nú sem fiskmatsmaður. Fyrstu snertinguna af myndlist, ef svo mætti komast að orði, fékk hann í barnaskólanum, er hinn kunni, hafnfirski teiknikennari, Hákon Helgason, kenndi honum teikningu. Það, sem kom Jóni til að leggja út á braut málalistarinnar, var svo aftur það, að hann var mikið með Eiríki Smith, listmálara, og vaknaði þá áhugi hans sjálfs á því að fara að mála. Jón var þá 15 til 16 ára gamall, og eru fyrstu málverk hans frá þeim tíma.

A árunum 1947-49 nam hann í Handíða- og myndlistarskólanum í Reykjavík. Aðalkennarar hans þar voru þeir Kjartan Guðjónsson og Kurt Zier. Höfuðáherzla þar var lögð á kennslu í teikningu.

Eins og fyrr segir, stundaði Jón lengst af sjómennsku, og hafði hann þar af leiðandi ekki aðstöðu til að helga sig málalolistinni svo nokkru næmi. Þó átti hann það til að teikna myndir af körlunum til sjós. Það varð svo aftur fyrir um það bil tveimur árum, að meiri tími varð fyrir hendi til að sinna þessu hugðarefni, málalolistinni. Flestar af myndunum á sýningunni hefur hann því málað á síðustu tveimur árum. Þó hefur hann öðru hvoru á undanförunum

árum, er tími hefur gefizt, tekið pensilinn í hönd.

Er við spurðum listamanninn að því, hvaða „motiv“ hann hefði mesta ánægju af að mála, svaraði hann án þess að hika:

„Sjónin, og allt það, sem honum viðkemur.“ Við sáum það strax, að þessi spurning hefði verið óþörf, því að sýningin ber það sannarlega með sér, að sjórinn og störf sjómannsins heilla þennan unga listamann, og megnið af myndunum sýna þennan stóra þátt íslenzks atvinnulífs. Einnig sagðist hann hafa gaman af að mála landslagsmyndir.

Jón hefur enn ekkert gert af því að mála abstraktmyndir. Lítið segist hann



Eitt verka Jóns frá 1978 sem prýðir húsnæði Félags eldri borgara.

hafa að segja um abstraktlistina. Myndirnar væru mjög misjafnar, en það væru margar skemmtilegar innan um. Hann álitur, að þessi umdeilda list muni halda



Jón Gunnarsson listmálari.

sessi sínum í íslenzkri myndlist áfram sem hingað til. Þó er hann ekki frá því, að íslenzkir málara séu meira farnir að hugsa um náttúruna, en þeir gerðu fyrir tveimur til þremur árum.

og Schevings af gömlu meisturunum. Því miður hefur hann ekki enn haft aðstöðu til að sjá málverkasöfn erlendis. Hann hefði aðeins komið til Bretlands, Þýskalands og Noregs með togurum. Viðstaðan hefði þá ætíð verið mjög stutt, og því ekki gefizt tími til að skoða þá málverkasöfn. Ekki hefur hann enn sem komið er ákveðið, hvort hann muni halda utan til frekara náms í list sinni.

Ekki álitur Jón, að það sé mögulegt fyrir hina yngri málara að helga alla krafta þeirra málalolistinni og getað þá lifað af því að mála. Öðru máli gegni með hina gömlu meistara, sem hefðu þegar fengið „nafn“.

Margt ungt fólk skoðaði sýninguna. Jóni finnst þó vera frekar dræmur áhugi hjá ungu fólki fyrir málalalist, en það tæki landslagsmyndir fram yfir abstraktmyndir.

Á sýningunni voru 42 myndir, þar af 30 olíumálverk og 12 vatnslitamyndir. Sýningargestir urðu um 400, flest Hafnfirðingar, og voru undirtektir mjög góðar. Þetta var fyrsta sýning listamannsins. Vinir og ættingjar höfðu hvatt hann eindregið til að halda þessa sýningu, og þar sem undirtektir urðu þetta góðar, hyggur Jón, að ekki liði langur tími, þar til hann haldi næstu sýningu. Þess má geta, að yfir 20 myndir seldust á þessari fyrstu sýningu hans.

Rödd æskunnar vill óska Jóni Gunnarssyni til hamingju með þessa sýningu. Hún var mjög glæsileg og lofar góðu um framtíð hans sem listamanns. Það er alltaf ánægjulegt, þegar nýr maður bætist í hóp listamanna þessa bæjarfélags. Hvetja viljum við Jón til að halda streitulaust áfram að mála, því að hæfileikarnir eru fyrir hendi, og erum við þá vissir um, að næsta sýning verður ekki síðri þessari.“



Jón Gunnarsson með Ólöfu Björgu Björnsdóttur listakonu t.v. og Bryndisi Sigurðardóttur á góðri stund í Hafnarborg 2015.

Hátíðarkveðja

Við sendum landsmönnum öllum, til sjávar og sveita,
hugheilar jóla- og nýárskveðjur, með þökk fyrir samstarfið
á árinu sem er að líða.

Stærðfræði með Pólverjum og Frökkum

Nemendur Víðistaðaskóla tóku þátt í vel heppnuðu Erasmus+ verkefni

MATH 3.0 (Mathematic an Amazing Trip through History) er tveggja ára Erasmus+ / eTwinning verkefni sem er samstarf skóla frá þremur löndum; Póllandi, Íslandi og Frakklandi. Aldur nemenda í verkefninu er frá 15 - 19 ára.

Markmið verkefnisins er að tefla fram ýmsum verkefnum í stærðfræði fyrir nemendurnar og er notast við ýmis tæki og töl til þess að leysa þessi verkefni. Farið er í gegnum sögu stærðfræðinnar með aðstoð tækninnar og sagt frá mismunandi tímabilum í þróuninni og um leið aukinn áhugi nemenda á stærðfræði með því að nálgast hana á nýjan máta. Þetta geta verið allt að 3000 ára stærðfræðitöl þar sem þau nýta sér nýjustu aðferðir og tæki til þess að leysa verkefni.

Nemendur leysa verkefni í sínum löndum og skiptast á myndum og



Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar til að leysa stærðfræðidæmi.

myndböndum um sínar lausnir. Svo hittast nemendur saman í þessum þremur löndum og leysa þá saman ýmsar þrautir. Notast verður við Twinspace samskiptatöl til að halda utan um vinnu og einnig sum samskipti.

Sex nemendur frá Víðistaðaskóla fóru til Póllands í eina viku síðasta vor.

pólskum nemendum. Allt tengdist þetta stærðfræði og tæknir en eftir skóla fóru krakkarnir sjálfir í alls konar skemmtun til dæmis skógarferð, trampolínhöll og risa verslunarmiðstöðvar.

Dag einn lentu þær í klónum á pólskum löggum. Rakel Sigmarsdóttir sagði þannig frá:

„Við vorum að labba yfir gatnamót á grænum kalli, svo kemur rauður kall og við hlupum yfir en hinum megin var löggja sem stoppaði okkur og ætlaði að sekta okkur um 200 slot. Krakkarnir sem voru með okkur náðu að ljúga því í löggjurnar að á Íslandi væru ekki gönguljós og að þau hefðu ekki náð að stoppa okkur og þá slepptu þau því að



Úr námsferðinni í Póllandi í apríl sl.



Námshópurinn kuldalegur en hress.

Fara aðrir sex nemendur frá skólanum til Frakklands næsta vor. Um síðustu mánaðarmót voru pólskir og franskir nemendur í heimsókn í Víðistaðaskóla í leik og starfi. Gista nemendurnir hjá fjölskyldum í því landi sem heimsótt er og hafa myndast sterk bönd milli unga fólksins og mikill þroski hefur fylgt í kjölfarið.

„FERÐIN TIL POZNAN“

Nokkrar hressar stúlkur í 10. bekk í Víðistaðaskóla ásamt tveimur kennurum fóru í vikuférför til Póllands í apríl. Þær flugu til Berlínar á sunnudagsmorgni og eyddu deginum þar, sáu meðal annars gamlar leifar af Berlínarmúrnum, McDonalds, hermenn og nokkrar dúfur.

Svo var lagt af stað í lestarferð til Poznan sem tók um 3 tíma. Um kvöldið var komið á endastöð og þær tóku á móti þeim 6 pólskar fjölskyldur sem voru gestgjafar stúlnanna í heila viku.

Á morgnana mættu þær í skólann og gerðu ýmis verkefni með frönskum og

sekta okkur. Það skrítna við þetta var að á meðan löggjan var að spjalla við okkur, keyrði bíll yfir á rauðu og keyrði næstum því á hjólréðamann sem var að labba yfir götuna.“

Melkorka átti eina sögu af síðasta kvöldinu:

„Seinasta kvöldið okkar út í Póllandi þá fórum við heim til eins stráks sem heitir Kacper og vorum með garð/grill partí sem var svaka stuð en það sem okkur þótti skrítið var að þetta átti að vera kvöldmatur en við borðuðum kl. 4 um daginn og það átti að vera kvöldmatur síðan eftir „kvöldmatinn“ seinna um kvöldið. Við fórum í göngutúr að bæjarvatninu og skoðuðum miðbæinn. Þegar við komum aftur heim til hans þá spiluðum við tónlist og héldum party party. Dobra Dobra“

Ferðin var mjög þroskandi fyrir ungmenninginn og í lokin þegar pólsku fjölskyldurnar kvöddu stelpurnar við lestarstöðina þá var mikið faðmast og tárast og nokkur ævilöng vináttubönd mynduðust.

#metoo: Besta jólagjöfin til okkar allra

Áreitni í lífi og starfi er ekki einkamál og við sem samfélag berum öll ábyrgð

á því að taka þátt í að breyta viðhorfum okkar til þess hvað eru eðlileg, jákvæð og uppbyggileg samskipti. Stórir hópar kvenna í hverjum geiranum á fætur öðrum stíga fram og rjúfa þögnina með sögum um kynbundið ofbeldi eða kynferðislega áreitni á vinnustöðum. Umræðan er af hinu góða og mun leiða af sér betri og heilbrigðari samskipti þar sem fólk sem lendir í áreitni í lífi og starfi finnur stuðning í þeim stóra hóp sem hefur sagt sögur sínar. Það hversu margar konur hafa nú þegar stigið fram og sagt sögu sína segir allt sem segja þarf um mikilvægi þess að taka umræðuna alvarlega. Það er ljóst að mjög mismunandi er hvernig upplifun

einstaklinga er af kynbundnu ofbeldi eða kynferðislegri áreitni en Vinnu-

eftirlit ríkisins er með ítarlegar upplýsingar um hvernig þetta er skilgreint á heimasisíðu sinni. Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent frá sér bókun til allra sveitarfélaga á landinu þar sem lýst er ánægju með það frumkvæði sem íslenskar konur í stjórnmálum hafa tekið undir merkjum „Í skugga valdsins“ og hvetur til frekari umræðu um kynferðisofbeldi og áreitni og hvernig koma megi í veg fyrir slíkt athæfi á vettvangi stjórnmála og á vinnustöðum sveitarfélaga. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar mun ekki skorast undan því að taka þátt í þessu mikilvæga verkefni.

Gleðileg jól kærur Hafnfirringar
Helga Ingólfsdóttir, bæjarfulltrúi.



Helga Ingólfsdóttir



Frá móttöku erlendu gestanna í Víðistaðaskóla.

Smákökur og tertur sem ilma af jólum



Þessastaðakökur, mömmukökur, kúrenukökur, vanilluhringir, súkkulaðibitakökur, marengstoppar, lagturtur, ensk jólakaka, Stollen og jólakonfekt.

Í desember fá börnin (12 ára og yngri) frían skúffubita og heitt súkkulaði með rjóma. (Fingöngu í Flatahrauni)

Við notum
íslenskt smjör

Bakameistarin

Austurveri • Flatahrauni • Glæsibæ • Húsgagnahöllinni • Mjódd • Smáratorgi • Suðurveri

Allir í dans

Kennsla hefst mánudaginn 8. janúar

Street Jazz

Rosa stuð fyrir 7 - 10 ára & 11 - 15 ára. Kennt 2x í viku.

Samkvæmisdansar

Barna- og unglingahópar

Hjóna- og keppnishópar

Byrjendur og framhald

Keppnishópar

Í samkvæmisdönsum

Salsa

Hjóna- og einstaklingshópar

Jazzleikskólinn

3. - 4. ára. Frábærir tímar fyrir þau yngstu

16 vikna
námskeið

Innritun á
www.dih.is
sími: 861-6522

Kennslustaðir:

Haukahraun 1 og Íþróttahús Setbergsskóla, 220 Hafnarf.



Dansíþróttafélag
Hafnarfjarðar

Haukahraun 1 - Hafnarfirði - www.dih.is - dihdans@simnet.is



SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide, ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggill@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

Brif

Tannlæknastofa – Brif

Vantar trausta manneskju til þess að þrifa gólf og eitt salemi á tannlæknastofu í Hafnarfirði. Títtölulega létt þrif ca 1/2 til 1 klst á dag. Frjálst tími eftir kl. 16.30.
Venjulegar persónulegar upplýsingar um umsækjanda óskast sendar í netfang: grunaro@gmail.com

Bílar



Ford Focus Trend edition árg. 2015 til sölu. Mjög vel með farinn. Álfelgur, hiti í framrúðu, tvískipt miðstöð, 6 girja eðalbíll. Ekinn um 30 þús. km. Bein sala. Uppl. í s. 896 4613.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Á DÖFINNI

Jólaborpið

Opið laugardag 23. des kl. 12-22.

Bettina verður með hestvagninn og búast má við jólasveinum og Grylu á vappi.

14:00 Sönghópurinn Mistiltónar

14:30 Lúðrasveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar

15:00 Jólabb með Langlegg og Skjóðu

19:00 Sveinn Sigurjónsson með níkkuna

19:00 Jólalaga frá Hörðuvöllum í Jólaborpið

19:30 Samsöngur í Jólaborpinu

19:45 Óperudúettinn Davíð og Stefán syngja hress jólalög

20:15 Fanný Lís Hevesi og Antonia Hevesi leika jólalög

Jólalaga á Þorláksmessu

Safnast verður saman á Hörðuvöllum og gengið sem leið liggur í Jólaborpið á Thorsplani kl. 19:00. Farið verður vestur Tjarnarbraut og Skólalabraut, út Austurgötu og inn Strandgötu að Jólaborpinu. Björgunarsveit Hafnarfjarðar selur kyndla á Hörðuvöllum.

Hafnarborg

„Japönsk nútímahönnun 100“, í aðalsal Hafnarborgar og sýningin „Með augum Minksins“ – hönnun, ferli, framleiðsla í Sverrissal.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

230 þúsund kr. ágóði til góðs

Glæsilegt Bingó Nemendafélags Víðistaðaskóla sem styrktu Mæðrastyrksnefnd



Stjórn Nemendafélags Víðistaðaskóla ásamt gjaldkera Mæðrastyrksnefndar strax eftir bingóið.

Troðfult var í hátíðarsal Víðistaðaskóla þegar Nemendafélag skólans hélt sitt árlega jólabingó. Nemendur og fjölskyldur þeirra ásamt mörgum góðum gestum spiluðu af mikilli gleði og að sjálfsögðu í von um að fá vinning.

Vinningarnir voru fjölmargir og sagði formaður nemendafélagsins, Baldvin Bjarki Gunnarsson ótrúlegt hversu góð viðbrögð þau fengu hjá fyrirtækjum sem voru meira en tilbúin að gefa vinning enda málefnið gott.

Eftir hressilega spilamennsku var af-raksturinn talinn, 230 þúsund krónur sem afhentar voru Kristjönu Ósk Jónsdóttur gjaldkera Mæðrastyrksnefndar Hafnarfjarðar.

Betur má ef duga skal!

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar 2018

Þrátt fyrir að í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar 2018 og næstu þriggja ára þar á eftir séu mörg góð verkefni sem fá brautargengi og tryggt fjármagn svo hægt sé að ráðast í þau eru líka veigamikil mál-efni og verkefni sem hljóta ekki þann sess í áætluninni sem þeim ber. Þar er m.a. um að ræða þá lágu fjárhæð sem ætluð er til að undirbúa uppbyggingu leikskóla í Suðurbæ. Það er ljóst að við í minnihlutunum hefðum viljað



Friðbjófur Helgi Karlsson

sjá markvissari skref stigin strax á næsta ári til uppbyggingar á þeirri mikilvægu þjónustu í Suðurbæ. Að ætla 2,5 milljónir til þessa undirbúnings á næsta ári er langt frá því að vera áætlanlegt.

Eins er ekki hægt að líta fram hjá því að við í minnihlutunum í umhverfis- og

framkvæmdaráði hefðum kosið að markvissari skref hefðu verið stigin í að íbúar hefðu raunveruleg áhrif á framkvæmdir í sínu nærumhverfi með samræðu og tillögum á grundvelli aukins íbúalýðræðis líkt og gerist í nágrennsveitarfélögum okkar og hefur gefið góða raun. Að ætla 10 milljónir í þetta verkefni á næsta ári og svo 15 milljónir á ári næstu þrjú árin er langt frá því að vera áætlanlegt.

Svo ekki sé minnst á þann sess sem aðgerðir í umhverfismálum í sveitarfélaginu hljóta í þessari fjárhagsáætlun. Það er ljóst að þar hefði þurft að bæta í umtalsverðu fjármagni svo m.a. hefði mátt koma þeirri metnaðarfullu umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar sem verið hefur í undirbúningi

undanfarin misseri í markvissa framkvæmd strax á næsta ári. Með samþykkt þessarar fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn þann 6. desember síðastliðinn er hætta á að sú stefna sem nú liggur fyrir og biður afgreiðslu í bæjarstjórn verði ekkert annað en fallett plagg og lítið annað. Við það er ekki hægt að una.

Að þessu leyti veldur nýsamþykkt fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 og til næstu þriggja ára þar á eftir talsverðum vonbrigðum. Við í minnihlutunum munum halda áfram baráttu okkar fyrir því að mikilvæg verkefni líkt og þau sem nefnd eru hér að ofan fái betra brautargengi á næstu árum, íbúum Hafnarfjarðar til heilla.

Höfundur er varabæjarfulltrúi Samfylkingarinnar og á sæti í umhverfis- og framkvæmdaráði.



leiðarinn

Skammdegíð er að mörgu leyti í uppáhaldi hjá mér. Það er þá sem eitt lítið ljós skiptir svo miklu máli. Árstíðarhringinn má líkja við okkar eigin líf. Stundum er bjart og allt gengur vel. Svo vel að við tökum varla eftir þegar reynt er að gleðja okkur með jafnvel skærum ljósum. Velmegunin hefur gefið okkur allt sem áður gladdi okkur svo mikið að við viljum sífellt meira.

En þegar herðir að og dimmir, ekkert er afgangs til að kaupa leikföngin, þá lærum við að meta það sem við höfum. Þá dugar jafnvel hið minnsta ljós til að lýsa upp umhverfi okkar og sálu okkar. Fyrir marga er skammdegíð erfiður tími og myrkrið dregur þrótt úr mörgum. Lífsklukka okkar er misjafnlega stillt og því upplifum við skammdegíð mismunandi. En við getum jafnvel sjálf ráðið huga okkar

þegar við vitum að hið minnsta ljós sést í skammdeginu en ekki á sólbjörtum sumardeg, þá ætti það að vera a.m.k. hvatning til að njóta í stað þess að harma.

Margir hafa áttað sig á að hamingjan felst ekki í veraldlegum hlutum og upplifað það að hjálpa öðrum gefur meiri gleði en allar gjafir heimsins.

Jólin eiga að minna okkur á þetta þó jólin hafi jafnvel orðið að eigingjörnum síð þar sem við viljum ekki láta neinn trufla jólahéðimar okkar. Það er víða fullt í gistiheimilum eins og í Betlehem forðum. En hjá þeim sem eiga rými í hjarta sínum er líka alltaf pláss. Líka þótt húsið sé smátt.

Kæri lesandi. Þér vil ég þakka fyrir lesturinn og færi þér óskir mínar um gleðilega jólahátíð og gæfuríkt komandi ár. Hafðu þökk fyrir allt.

Guðni Gíslason ritstjóri.

Getum bætt við okkur nýjum viðskiptavinum



skattframtöl	ársreikningar	umsjón húsfélaga
bókhald	launaumsjón	viðisaukaskattsuppgjör

Bókhalds**STOFAN**

BÆJARHRAUNI 10, HAFNARFIRÐI

Magnús Waage
viðurkenndur bókarí,
framkvæmdastjóri
GSM 863 2275Bæjarhrauni 10
220 Hafnarfirði
Sími 565 2189
bokhaldsstofan.is

Íslandspóstur dregur úr þjónustu og hækkar verð

Fréttablöðum nú dreift á tveimur dögum í stað eins

Íslandspóstur hefur tilkynnt að frá og með 1. febrúar muni dreifingarfyrirkomulag breytast og verður fjölpósti dreift allstaðar á landinu á tveimur dögum svo helmingi Fjarðarfréttanna verður dreift á fimmtudegi og hinum helmingnum á föstudegi. Víxlast vikulega hvaða hverfi fær á undan.

Auk þess hefur verið tilkynnt að frá og með áramótum hækki grunnverð fjölpósts um 3,5% sem gerir rekstrarumhverfi bæjarblaða enn erfiðari.

TVENNS LAGS MIÐAR Á BRÉFALÚGURNAR

Hingað til hefur Íslandspóstur aðeins verið með valkost um eina merkingu á bréfalúgum vilji menn ekki áritaðan póst. Margir sem settu upp miða merktum „Engan fjölpóst takk“ voru mjög ósáttir fengu þeir ekki bæjar-

blaðið en enginn greinarmunur hefur verið gerður á auglýsingapósti og fréttablöðum.

Nú er hægt að fá á næsta pósthúsi merki „Hvorki fjölpóst né fríblöð takk“ fyrir þá sem einhverja hluta vegna vilja alls engan fjölpóst inn um lúguna hjá sér.

Almenn dreifing er kl. 9-16.15.



Ljós: Guðni Grönlund

Ertu í fasteignahugleiðingum?

Vantar allar gerðir eigna á skrá! Frítt söluverðmat

„Minn metnaður er heiðarleiki, vönduð vinnubrögð og persónuleg þjónusta“

Ársæll Steinmóðsson
aðstoðarmaður fasteignasalaRE/MAX
FJÖRDURsími 896 6076
as@remax.isÁrsæll Steinmóðsson
aðst.m. í lögg.námiPáll B. Guðmundsson
löggitur fasteignasali

Lækjargötu 34d, Hafnarfirði, sími 519 5900

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

ÚRSLIT VENNA:

Selfoss - Haukar: 20-27
FH - Valur U: 24-17

ÚRSLIT KARLA:

FH - Haukar:
HK - FH: 25-37
Haukar - ÍR: 25-23

Körfubolti:

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Skallagrímur: 84-63
Keflavík - Haukar: 88-101

ÚRSLIT KARLA:

Valur - Haukar: 86-101

Kjötkrókur í Byggðasafni

Kjötkrókur hefur skemmt leikskólabörnum undanfarnar vikur í Sivertsenshúsinu þar sem börnin haf fengið að kynna ýmsum gömlum síðum. Þótti þeim jólasveinninn svolítið skrýttinn en skemmtilegur.

Bæjarstjórn í langt jólafrí

Síðasti bæjarstjórnarfundur fyrir jól var haldinn í gær, miðvikudag og að tillögu forsetanefndar verður næsti fundur ekki fyrr en 17. janúar.

Ný sundnámskeið byrja 1. janúar

Sundtímabilið 2017/2018 heldur áfram
Nýjar skráningar velkomnarSkráning er hafin á heimasíðu
Sundfélags Hafnarfjarðar – www.sh.is

Eitthvað fyrir alla:

- Sundnámskeið með foreldrum; fyrstu sundtökin (3-4 ára)
- Sundnámskeið; sundtökin og vatnið kynnt fyrir krökkunum (4-6 ára)
- Sundkennsla; áframhaldandi bæting á tækni og sundi „Stjörn á vatninu“
- Sundæfingar yngri (8-16 ára)
- Sundæfingar eldri (16 ára og eldri)

Æfingastaðir: Sundhöll, Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug

Skriðsunds-
námskeið
fyrir fullorðnaRioTinto
styrkir barna- og unglingastar SH

Sundfélag Hafnarfjarðar • sh@sh.is • www.sh.is • 555 6830

FJARÐAR fréttir

FRÉTTASKOT

FRÉTTIR
UM JÓL OG
ÁRAMÓTSendu fréttaskot á
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

...eða notaðu formið á

www.fjardarfrettir.is

Smelltu á
LIKE

Hagakot – fjölmörg lítil hús

Sverrir Júlíusson nýtur þess að gera fínt í kring um sig og lóðin á Austurgötu er ævintýraveröld

Við Austurgötu 31 stendur lítið fallegt hús sem heitir Hagakot. Húsið upphaflega byggt 1892 af Eiríki Jónssyni frá Hagakoti við Vífilstaði og þaðan er heitið Hagakot komið.

Þar býr handverksmaðurinn Sverrir Júlíusson, sem á heiðurinn að útliti hússins. Sverrir keypti húsið í slæmu ásigkomulagi árið 1994 og gerði það upp. Þá hlóð hann einnig torfveggi umhverfis húsið og hefur garðurinn að geyma hænsnakofa, lítið hús undir heitan pott og síðan annað heldur stærra. Annað hús gerði Sverrir einnig upp eða Hverfisgötu 8. Það tók hann 15 ár og er garðurinn ævintýralegur, stórog



Sverrir Júlíusson í garði sínum að Austurgötu 31.



Sannkallaður ævintýraheimur.



Eitt af mörgum smárhúsum í garðinum.

fallega skreyttur. Þar eru mörg lítil hús í garðinum, m.a. hænsnakofi en engar hænur eru þar lengur.

Sverrir segist hafa unun af því að laga og betrubæta og lætur aldurinn ekki aftra sér og segist allt gleymast þegar hugurinn er við einhver smáatriðin í garðinum.

Sverrir leggur mikið upp úr því að gera allt sjálfur. Þetta tekur allt mikinn tíma og krefst vandvirkni. Hagakot er friðað og endurgert í sinni upprunalegu mynd. Það er vel þess virði að skoða húsið núna því húsið og garðurinn er vel skreyttur með jólaljósum.



Nei, þetta er ekki eitt af íbúðarhúsum! Þetta er pínulítið hús í garðinum.



Glæsilegt húsið sker sig úr í fallettri götumyndinni.



Húsið er ekki siður glæsilegt að innan.